

7. gr.

Forstöðumaður skemmtana ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

161

22. júlí

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renni í sérstakan sjóð, sem hreppsnefnd Hrafnagilshrepps stjórnar. Fé sjóðsins skal varið til menningarstarfsemi í hreppnum eftir því sem hreppsnefnd ákveður á hverjum tíma. Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningunum og endurskoðast með þeim.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000.00 krónum.

Mál, sem rísa kunna út af reglugerð þessari, skal farið með að hætti almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. júlí 1952.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Jóhannes Ellason.

AUGLÝSING

um kosningu alþingismanns í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

162

29. júlí

Með því að Ásgeir Ásgeirsson, alþingismaður, hefur lagt niður þingmennskumboð sitt fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu frá 25. júlí 1952 að telja, þá er hér með samkvæmt 135. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, fyrirskipað, að kosning alþingismanns fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu fyrir þann tíma, er hinn fráfarandi þingmaður átti eftir, skuli fara fram 21. september n. k.

Frestir er um ræðir í 19. gr. kosningalaganna styttest þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 7 vikum fyrir kjördag, en auglýsingafresturinn skal felldur niður.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. júlí 1952.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.